

LAUGALÆKJARSKÓLI - GISTING

Eins og á fyrri KR mótum verður sundmönnum boðin gisting við frábærar aðstæður. Öllum keppendum stendur til boða gisting í Laugalækjaskóla sem er handan Sundlaugavegar um 100 m frá lauginni. Öll aðstaða er til fyrirmyndar þar sem meðal annars er matsalur fyrir 150 manns. Þátttakendur þurfa að hafa með sér dýnu eða vindsæng til að sofa á og svefnpoka eða sæng og kodd. Allur matur verður borinn fram í Laugalækjaskóla. Sólarhringsvakt verður í skólanum. Allur farangur keppenda verður á þeirra ábyrgð á meðan á mótinu stendur.

Ath! Fæðuóþol

Séu sérstakar óskir um mataræði vegna fæðuóþols skal tilkynna það um leið og gisting er pöntuð.

Verðið fyrir gistingu á KR hótelinu er **17.500 kr**

Eftirtalið er innifalið í gistingu:

Matur: tveir kvöldverðir, tveir hádegisverðir, tveir morgunverðir og kvöldhressing á laugardagskvöldinu. Þeir sem ætla gista á KR-hótelinu eru vinsamlegast beðnir um að senda okkur tilkynningu um slíkt **eigi síðar en 2. febrúar n.k.** á gullmot@gmail.com

Hikið ekki við að hafa samband ef ykkur vantar frekari upplýsingar. Við hlökkum til að sjá ykkur á "hótelinu" okkar á Gullmóti KR.

Veitingasala í Laugardalslaug

Í veitingasölu sundlaugar verða á boðstólum léttir réttir, samlokur, ávextir, orkudrykkir, kaffi og safar ásamt mörgu öðru. Úr veitingasölu er frábær yfirsýn yfir laugarsvæðið.